

Reglur um stöðuleyfi lausafjármuna í Snæfellsbæ

1. gr.

Lóðarhafar sem eru með gáma, báta, torgsöluhús, frístundahús í smíðum sem ætlað er til flutnings og stór samkomutjöld innan sinna lóða eða ábyrgðarmenn lausafjármuna skulu sækja um stöðuleyfi til skipulags- og byggingarfulltrúa ef framangreindir lausafjármunir eiga að standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem þeim er ætlað samkvæmt skipulagi sbr. b. liður 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 9. tl. 60 gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

2. gr.

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda (skipulags- og byggingarfulltrúa) til að láta lausafjármuni standa lengur en tvo mánuði. Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjármunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdrættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjármunanna.

3. gr.

Skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 eru stöðuleyfi aðeins veitt að hámarki til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

Veitt eru stöðuleyfi fyrir húsum í smíðum og torgsöluhúsum, en reglur um torgsölu er að finna í samþykkt um götu- og torgsölu. Að undanskildum húsum sem falla undir 2.3.5. gr byggingarreglugerðar þarf að sækja um byggingarleyfi fyrir öllum öðrum húsum og þ.m.t. gámahúsum. Einnig þarf að sækja um stöðuleyfi fyrir hjólhúsum á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.

4. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að fjarlægja þá lausafjármuni sem getið er í 1. gr. og eru án stöðuleyfis. Eiganda eða ábyrgðarmanni skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja þá, þó aldrei lengri frestur en einn mánuður, að öðrum kosti verður það gert á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns.

5. gr.

Fyrirtæki sem eru í gámaflutningum, tilkynni byggingarfulltrúa, fjölda gáma sem ekki á að greiða fyrir vegna flutninga.

6. gr.

Stöðuleyfisskildir lausafjármunir bera stöðuleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá byggingarleyfis-, þjónustu og framkvæmdaleyfisgjalda.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, með síðari breytingum. Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt.

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd 29. nóvember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 6. desember 2018